

VALDOXAN

Ráðleggingar til sjúklinga um hvernig forðast má aukaverkanir á lifur

Valdoxan getur valdið aukaverkunum, þar á meðal breytingum á lifrarstarfsemi.

Í þessum bæklingi eru ráðleggingar um hvernig forðast má aukaverkanir á lifur og hvað á að gera ef slíkar aukaverkanir koma fyrir meðan á meðferð með Valdoxan stendur.

Spyrðu lækninn ef þú vilt fá frekari upplýsingar.

Valdoxan er þunglyndislyf, sem getur ráðið bót á þunglyndinu.

Til þess að meðferðin verði eins og best er á kosið skalt þú fylgja leiðbeiningum læknisins um hvernig þú átt að taka Valdoxan (skammtastærð, meðferðarlengd, eftirfylgni svo sem síðari áformaðar komur til læknisins og blóðrannsóknir).

HVAÐ Á AÐ GERA ÁÐUR EN VALDOXAN ER TEKID?

- **Segðu læknum frá því ef lifrin starfar ekki eðlilega, ef svo er átt þú ekki að taka Valdoxan.**
- **Hugsanlegt er að Valdoxan henti þér ekki af öðrum ástæðum.**

Spyrðu læknum ráða varðandi eftirtalin atriði:

- ef þú hefur einhvern tímann fengið lifrarkvilla,
- ef þú átt við offitu eða ofþyngd að stríða,
- ef þú ert með sykursýki,
- ef þú neytir áfengis,
- ef þú notar önnur lyf (sum lyf hafa áhrif á lifrina).

HVAÐ Á AÐ GERA TIL AÐ FORÐAST LIFRARKVILLA MEÐAN Á MEÐFERÐ STENDUR?

► Fara reglulega í blóðrannsókn

- **Hvers vegna?**

Læknirinn ætti að hafa athugað hvort lifrin starfaði eðlilega **áður en meðferðin hófst**. Niðurstöður blóðrannsókna, sem læknirinn ákveður að senda þig í, segja honum **hvernig lifrin starfar** og hvort Valdoxan henti þér.

Gildi lifrarensíma í blóðinu gætu hækkað hjá sumum sjúklingum meðan á meðferð með Valdoxan stendur. Gildi þessara lifrarensíma segja til um hvort lifrin starfar eðlilega og eru mjög mikilvæg fyrir læknum til að fylgjast með meðferðinni.

• Hvenær?

	Áður en meðferð hefst og ef skammtur er aukinn	Eftir u.þ.b. 3 vikur	Eftir u.þ.b. 6 vikur	Eftir u.þ.b. 3 mánuði	Eftir u.þ.b. 6 mánuði
Blóðrannsókn	✓	✓	✓	✓	✓

Ef læknirinn eykur skammtinn í 50 mg þarf að endurtaka blóðrannsóknirnar

Ekki gleyma að taka **MINNISKORT FYRIR TÍMA Í BLÓÐSÝNATÖKU** (sjá næstu síðu) með til læknisins.

Láttu lækninn vita tafarlaust ef þú færð upplýsingar um að gildi lifrarensíma í blóðinu hafi hækkað meðan á meðferðinni stendur.

► Vertu á varðbergi gagnvart einkennum lifrarkvilla

Ef vart verður við eitthvað af eftirtöldu er hugsanlegt að lifrin starfi ekki eðlilega:

- gul húð/augu,
- dökkt þvag,
- ljósar hægðir,
- verkur hægra megin í efri hluta kviðarhols,
- óvenjuleg þreyta (einkum í tengslum við önnur ofantalin einkenni).

⇒ Leitaðu tafarlaust til læknis, hann gæti ráðlagt þér að hætta að taka Valdoxan.

MINNISKORT FYRIR TÍMA Í BLÓÐSÝNATÖKU

MUNDU

Það er mikilvægt að fara reglulega í blóðrannsókn meðan þú tekur Valdoxan.

Taflan hér fyrir neðan auðveldar þér að skrá hvenær þú átt tíma í blóðrannsókn.

VALDOXAN 25 MG – FYRSTI DAGUR INNTÖKU:

Taka blóðsýna til mælingar lifrarensíma	Dagsetning
Dagsetning fyrsta sýnis (<i>við upphaf meðferðar</i>)	
Dagsetning annars sýnis (<i>eftir u.þ.b. 3 vikur</i>)	
Dagsetning þriðja sýnis (<i>eftir u.þ.b. 6 vikur</i>)	
Dagsetning fjórða sýnis (<i>eftir u.þ.b. 3 mánuði</i>)	
Dagsetning fimmta sýnis (<i>eftir u.þ.b. 6 mánuði</i>)	

Læknirinn getur ákveðið frekari blóðrannsóknir.

SKAMMTUR AUKINN Í 50 MG - FYRSTI DAGUR INNTÖKU:

Taka blóðsýna til mælingar lifrarensíma	Dagsetning
Dagsetning sýnis þegar byrjað er að taka 50 mg	
Dagsetning annars sýnis (<i>eftir u.þ.b. 3 vikur</i>)	
Dagsetning þriðja sýnis (<i>eftir u.þ.b. 6 vikur</i>)	
Dagsetning fjórða sýnis (<i>eftir u.þ.b. 3 mánuði</i>)	
Dagsetning fimmta sýnis (<i>eftir u.þ.b. 6 mánuði</i>)	

Læknirinn getur ákveðið frekari blóðrannsóknir.

Ekki gleyma að taka þetta minnskort með þegar þú kemur til læknisins.

Ítarlegri upplýsingar eru í fylgiseðlinum sem er í Valdoxan pakkanum.